

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2010/EES/36/01		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram 19. maí 2010 (Mál E-3/10) .....	1
2010/EES/36/02		Kæra Furstadæmisins Liechtensteins á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 21. maí 2010 (Mál E-4/10) .....	2
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2010/EES/36/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5826 – Anglo Irish Bank/RBS/Arnotts) .....	3
2010/EES/36/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5858 – Carrefour/Marinopoulos/Balkan JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	4
2010/EES/36/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5861 – Republic of Austria/Hypo Group Alpe Adria) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	5
2010/EES/36/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5893 – Allianz/Corio/Porta di Roma) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	6
2010/EES/36/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5909 – Rettig/Nordkalk) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð ...	7

<b>2010/EES/36/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5781 – Total Holdings Europe SAS/ERG SPA/JV) . . . . .	8
<b>2010/EES/36/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5792 – Robert Bosch/Deutz/Eberspächer) . . . . .	8
<b>2010/EES/36/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5793 – Dalkia CZ/NWR Energy) . . . . .	9
<b>2010/EES/36/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5802 – RWE Energy/Mitgas) . . . . .	9
<b>2010/EES/36/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5805 – 3i/Vedici Groupe) . . . . .	10
<b>2010/EES/36/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5815 – PFD/Radio Salù/Antenne) . . . . .	10
<b>2010/EES/36/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5818 – Ericsson/LG Electronics/JV) . . . . .	11
<b>2010/EES/36/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5866 – Sun Capital/Beauty Business) . . . . .	11
<b>2010/EES/36/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5871 – KKR/Triton/Ambea) . . . . .	12
<b>2010/EES/36/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5872 – Warburg Pincus/Poundland) . . . . .	12
<b>2010/EES/36/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5878 – CVC/CaixaNova/R Cable) . . . . .	13
<b>2010/EES/36/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5885 – Altea/Predica/ABP/Aldeta) . . . . .	13
<b>2010/EES/36/20</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5899 – Warburg Pincus/Silver Lake/Interactive Data Corporation) . . . . .	14
<b>2010/EES/36/21</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5905 – Sacyr/Eiser/Aunor/Turia/Itemosa/Itepesa) . . . . .	14
<b>2010/EES/36/22</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (breyttar) (Bretland)	15
<b>2010/EES/36/23</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Bretland) . . . . .	16
<b>2010/EES/36/24</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (Bretland) . . . . .	16

<b>2010/EES/36/25</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir (Bretland) . . . . .	17
<b>2010/EES/36/26</b>	Auglýsing stjórnvalda í Bretlandi um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni á Norður-Írlandi – Auglýsing um lögbært yfirvald og tilhögun leyfa á Norður-Írlandi . . . . .	17
<b>2010/EES/36/27</b>	Auglýsing stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Tilkynning um að svæði á landi á Norður-Írlandi séu laus til umsóknar vegna olíu- og gasvinnslu í samræmi við opnu málsmeðferðina . . . . .	18
<b>2010/EES/36/28</b>	Auglýst eftir tillögum – EAC/10/10 – Áætlun um símenntun – Stuðningur við keppni um að efla tungumálanám með stuttum hljóð- og myndverkum . . . . .	20

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur íslenska ríkinu sem lögð var fram  
19. maí 2010  
(Mál E-3/10)**

**2010/EES/36/01**

Hinn 19. maí 2010 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur íslenska ríkinu; í fyrirsvari eru Xavier Lewis og Björnar Alterskjær, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur, meðal annars, í lið 31ea í IX. viðauka við samninginn um evrópskt efnahagssvæði (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins frests, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 32. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.

og

2. Dómstóllinn geri íslenska ríkinu að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Málið, sem hér liggur fyrir, varðar tilskipun um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu, sem hefur ekki verið lögtekin.
- Eftirlitsstofnun EFTA lýsir yfir að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki lagt fram gögn því til staðfestingar að tilskipunin hafi verið að fullu leidd í íslensk lög og að stofnunin hafi engar aðrar upplýsingar undir höndum sem álykta megi af að gerðar hafi verið ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja að farið sé að fullu að ákvæðum tilskipunarinnar.
- Eftirlitsstofnun EFTA lýsir yfir að ríkisstjórn Íslands hafi ekki andmælt því að hún hafi ekki séð til þess að lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem eru nauðsynleg til að tryggja að farið sé að ákvæðum tilskipunarinnar, öðluðust gildi.

**Kæra Furstadæmisins Liechtensteins á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 21. maí 2010** **2010/EES/36/02**

**(Mál E-4/10)**

Hinn 21. maí 2010 lagði Furstadæmið Liechtenstein fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Dr Andrea Entner-Koch, umboðsmaður Furstadæmisins Liechtensteins, samræmingardeild EES-mála, Austrasse 79/Europark, FL-9490 Vaduz.

Kröfur Furstadæmisins Liechtensteins eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi ógilda ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 97/10/COL frá 24. mars 2010 um skattlagningu eigin tryggingafélaga fyrirtækja samkvæmt skattalögum Liechtensteins.
2. Til vara lýsi dómstóllinn ógilda 3. og 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 97/10/COL frá 24. mars 2010 að því marki sem í þeim felst úrskurður um endurgreiðslu aðstoðarinnar sem um getur í 1. gr. sömu ákvörðunar.

og

3. Dómstóllinn geri Eftirlitsstofnun EFTA að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:*

- Í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 97/10/COL frá 24. mars 2010 voru skattareglur, sem gilda um eigin (endur)tryggingafélög fyrirtækja í Liechtenstein, samkvæmt 82. gr. a og 3. mgr. 88. gr. d í skattalögum Liechtensteins, lýstar ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins með þeim rökum að skattaálögur á eigin (endur)tryggingafélög fyrirtækja væru hagstæðari en skattaálögur á „venjuleg tryggingafélög“. Þá komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að hin meinta aðstoð væri ólögleg og að eigin (endur)tryggingafélög fyrirtækja skyldu endurgreiða hana frá 6. nóvember 2001 að telja.
- Sóknaraðili heldur því fram að skattaákvæðin, sem um ræðir, feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- Sóknaraðili telur að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:
  - byggt á röngum forsendum þegar hún beitti 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gagnvart skattlagningu eigin tryggingafélaga fyrirtækja samkvæmt skattalögum Liechtensteins og þegar hún fyrirskipaði að eigin (endur)tryggingafélög fyrirtækja skyldu endurgreiða hina meintu ólöglegu aðstoð frá 6. nóvember 2001 að telja,
  - ranglega beitt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gagnvart eigin tryggingafélögum fyrirtækja, þegar tekið er tillit til sérstaks eðlis þeirra og takmarkaðrar starfsemi,
  - ekki lagt fram viðhlítandi rökstuðning í ákvörðuninni sem deilt er um, eins og gerð er krafa um í 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2010/EES/36/03**

**(mál COMP/M.5826 – Anglo Irish Bank/RBS/Arnotts)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið Anglo Irish Bank Corporation Limited („Anglo Irish Bank“) og breska fyrirtækið The Royal Bank of Scotland Group plc („RBS“) öðlast á grundvelli samnings í sameiningu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðar EB, í írski fyrirtækinu Arnotts Holdings Limited („Arnotts“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Anglo Irish Bank: bankaþjónusta, viðskiptafjármögnun og fjármögnun fasteigna
  - RBS: bankastarfsemi og fjármálaþjónusta
  - Arnotts: almennar smásöluverslanir á Írlandi
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 187, 10. júlí 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5826 – Anglo Irish Bank/RBS/Arnotts, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5858 – Carrefour/Marinopoulos/Balkan JV)**

2010/EES/36/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004<sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Carrefour S.A. („Carrefour“) og lúxemborgska fyrirtækið Marinopoulos Holding SARL, sem tilheyrir Marinopoulos – samsteypunni, öðlast með samningi annars vegar og kaupum á hlutfé í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki hins vegar í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hollenska fyrirtækinu CM Balkans B.V. („Balkan JV“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Carrefour: smásöluverslun með matvöru og annað en matvöru í eigin matvöruverslunum eða verslunum sem eru reknar samkvæmt sérleyfi (risamarkaðir, stórmarkaðir, afsláttarverslanir og hverfisverslanir) í Evrópu, Rómönsku Ameríku og Asíu
  - Marinopoulos – samsteypan: smásöluverslun með matvöru og annað en matvöru, framleiðsla á snyrtivörum og lyfjavörum, smásala með fatnað, snyrtivörur, sjóntæki og hágæðakaffi í nokkrum Evrópulöndum, meðal annars Grikklandi og Kýpur
  - Balkan JV: rekstur 4 stórmarkaða í Búlgaríu og þróun risamarkaða og stórmarkaða undir vörumerki Carrefour á Balkanskaga, nánar tiltekið í Búlgaríu, Slóveníu, Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu, Króatíu, fyrrum júgóslavneska Lýðveldinu Makedóníu, Svartfjallalandi og Serbíu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB<sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 188, 13. júlí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5858 – Carrefour/Marinopoulos/Balkan JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2010/EES/36/05****(mál COMP/M.5861 – Republic of Austria/Hypo Group Alpe Adria)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu. Fjármálaráðherra Austurríkis öðlaðist, samkvæmt 1. gr. austurrískra laga um ráðstafanir til að tryggja stöðugleika fjármálamarkaðarins, með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í austurríska fyrirtækinu Hypo Alpe Adria Bank International AG („HGAA“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fjármálaráðuneytið: stöðugleiki fjármálakerfisins í Austurríki
  - HGAA: alhliða bankaþjónusta fyrir einstaklinga og félög, eignarleigujónusta
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 188, 13. júlí 2010). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5861 – Republic of Austria/Hypo Group Alpe Adria, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál COMP/M.5893 – Allianz/Corio/Porta di Roma)**

2010/EES/36/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Allianz SE („Allianz“) og hollenska fyrirtækið Corio NV („Corio“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækinu Galleria Commerciale Porta di Roma S.p.A. („Porta di Roma“) og ítalska fyrirtækinu Allianz Real Estate Italia No. 1 S.r.l. („Allianz REI No.1), sem Allianz ræður nú að fullu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Allianz: tryggingar og fjármálaþjónusta
  - Corio: fasteignaþróunarfélag
  - Porta di Roma: rekstur verslanamiðstöðvar í verslanakjarnanum Galleria Commerciale Porta di Roma í Róm á Ítalíu
  - Allianz REI No. 1: rekstur 9 viðskiptaeininga í Porta di Roma verslanakjarnanum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 191, 15. júlí 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5893 – Allianz/Corio/Porta di Roma, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.5909 – Rettig/Nordkalk)**

2010/EES/36/07

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. júlí 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem finnska fyrirtækið Rettig Group Ltd („Rettig“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í finnska fyrirtækinu Nordkalk Corporation („Nordkalk“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Rettig: innanhúsupphitun/loftræsting, siglingar
  - Nordkalk: framleiðsla á vörum úr kalksteini
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 192, 16. júlí 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5909 – Rettig/Nordkalk, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/08**  
**(mál COMP/M.5781 – Total Holdings Europe SAS/ERG SPA/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5781. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/09**  
**(mál COMP/M.5792 – Robert Bosch/Deutz/Eberspächer)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 7. apríl 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á þýsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5792. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/10**  
**(mál COMP/M.5793 – Dalkia CZ/NWR Energy)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 12. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5793. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/11**  
**(mál COMP/M.5802 – RWE Energy/Mitgas)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 17. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5802. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/12**  
**(mál COMP/M.5805 – 3i/Vedici Groupe)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 21. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5805. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/13**  
**(mál COMP/M.5815 – PFD/Radio Salü/Antenne)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 16. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5815. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/14**  
**(mál COMP/M.5818 – Ericsson/LG Electronics/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 23. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5818. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/15**  
**(mál COMP/M.5866 – Sun Capital/Beauty Business)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 15. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5866. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/16**  
**(mál COMP/M.5871 – KKR/Triton/Ambea)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 25. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5871. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/17**  
**(mál COMP/M.5872 – Warburg Pincus/Poundland)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 14. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjálnúmeri 32010M5872. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/18**  
**(mál COMP/M.5878 – CVC/Caixanova/R Cable)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 28. maí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5878. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/19**  
**(mál COMP/M.5885 – Altea/Predica/ABP/Aldeta)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 22. júní 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5885. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.



**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/20**  
**(mál COMP/M.5899 – Warburg Pincus/Silver Lake/Interactive Data Corporation)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 2. júlí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5899. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja** **2010/EES/36/21**  
**(mál COMP/M.5905 – Sacyr/Eiser/Aunor/Turia/Itemosa/Itepesa)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 1. júlí 2010 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32010M5905. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/36/22  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur  
í bandalaginu**

**Almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug (breyttar)**

Aðildarríki	Bretland
Flugleiðir	Oban–Coll Oban–Colonsay Oban–Tiree Coll–Tiree
Gildistökudagur almannaþjónustukvaða	2.3.2007
Textinn er afhentur, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða hinar breyttu almannaþjónustukvaðir, eftir beiðni sem senda ber:	Argyll and Bute Council Council Offices Kilmory Lochgilphead Argyll PA31 8RT Scotland United Kingdom  Sími +44 1546604141 Bréfasími +44 1546606443 (Tengiliður: Sandy Mactaggart, Development and Infrastructure Services) Netfang: <a href="mailto:sandy.mactaggart@argyll-bute.gov.uk">sandy.mactaggart@argyll-bute.gov.uk</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2010/EES/36/23  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur  
í bandalaginu**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Bretland
Flugleiðir	Oban–Coll Oban–Colonsay Oban–Tiree Coll–Tiree
Samningstími	1.10.2010–31.3.2014
Frestur til að skila tilboðum	Tveimur mánuðum frá því að auglýsing þessi birtist (birtingardagur 8.7.2010)
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum sem varða útboðið og hinar breyttu almannajónustukvaðir, eftir beiðni sem senda ber:	Argyll and Bute Council Council Offices Kilmory Lochgilphead Argyll PA31 8RT Scotland United Kingdom  Sími +44 1546604141 Bréfasími +44 1546606443 (Tengiliður: Sandy Mactaggart, Development and Infrastructure Services) Netfang: <a href="mailto:sandy.mactaggart@argyll-bute.gov.uk">sandy.mactaggart@argyll-bute.gov.uk</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 4. mgr. 16. gr. reglugerðar 2010/EES/36/24  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur  
í bandalaginu**

**Almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug**

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Cardiff–RAF Valley, Anglesey
Gildistökudagur almannajónustukvaða	9.7.2010
Textinn er afhentur, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Deborah Paramore Transport Policy Welsh Assembly Government Cathays Park Cardiff CF10 3NQ United Kingdom  Sími +44 2920826578 Netfang: <a href="mailto:deborah.paramore@wales.gsi.gov.uk">deborah.paramore@wales.gsi.gov.uk</a>

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar 2010/EES/36/25  
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur  
í bandalaginu**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Bretland
Flugleið	Cardiff-RAF Valley, Anglesey
Samningstími	4.1.2011–19.12.2014
Frestur til að skila tilboðum	20.9.2010
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Deborah Paramore Transport Policy Welsh Assembly Government Cathays Park Cardiff CF10 3NQ United Kingdom  Sími +44 2920826578 Netfang: <a href="mailto:deborah.paramore@wales.gsi.gov.uk">deborah.paramore@wales.gsi.gov.uk</a>

**Auglýsing stjórnvalda í Bretlandi um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og 2010/EES/36/26  
ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka  
og vinna kolvatnsefni á Norður-Írlandi**

**Auglýsing um lögbært yfirvald og tilhögun leyfa á Norður-Írlandi**

- Lögbært yfirvald skv. 10. gr. tilskipunar 94/22/EB að því er varðar Norður-Írland er: Department of Enterprise, Trade and Investment, Netherleigh, Massey Avenue, Belfast BT4 2JP.
- Department of Enterprise, Trade and Investment hefur samið reglugerðir sem koma í framkvæmd tilskipun ráðsins 94/22/EB á Norður-Írlandi. Þessar reglugerðir eru Hydrocarbons Licensing Directive Regulations (Northern Ireland) frá 2010 (S.R. 2010 nr. 170). Reglugerðirnar öðluðust gildi 28. maí 2010 og unnt er að nálgast þær á vefsetri ráðuneytisins: <http://www.detini.gov.uk>
- Leyfi til kolvetnisleitar, -rannsókna og -vinnslu á Norður-Írlandi verða að jafnaði veitt í samræmi við opnu málsmeðferðina skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/22/EB. Kveðið er á um þessa málsmeðferð í reglugerð 3 í Hydrocarbons Licensing Directive Regulations (Northern Ireland) frá 2010 þar sem gerð er krafa um birtingu auglýsingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Auglýsing eftir umsóknum er birt í þessu hefti EES-viðbættisins.
- Öllum fyrirspurnum varðandi auglýsingu þessa ber að beina til: Department of Enterprise, Trade and Investment (Minerals and Petroleum Branch), Colby House, Stranmillis Court, Belfast BT9 5BF, United Kingdom. Sími +44 2890388462 eða bréfasími +44 2890388461 milli kl. 9:30 og 16:30 mánudaga til föstudaga eða netfang: [minerals@detini.gov.uk](mailto:minerals@detini.gov.uk)

**Auglýsing stjórnvalda í Bretlandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni** 2010/EES/36/27

**Tilkynning um að svæði á landi á Norður-Írlandi séu laus til umsóknar vegna olíu- og gasvinnslu í samræmi við opnu málsmeðferðina**

**Leyfi á landi á Norður-Írlandi**

1. Með vísan til 3. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 94/22/EB lýsir Department for Enterprise, Trade and Investment því hér með yfir að samkvæmt ákvæðum laganna Petroleum (Production) Act (Northern Ireland) frá 1964 eru laus til umsóknar varanleg leyfi til kolvetnisleitar, -rannsókna og -vinnslu á landi á Norður-Írlandi.
2. Samkvæmt reglugerð 3 í Petroleum Production Regulations (Northern Ireland) frá 1987, sem var skipt út fyrir Petroleum Production (Amendment) Regulations (Northern Ireland) frá 2010, og reglugerð 3 í reglugerðunum Hydrocarbons Licensing Directive Regulations (Northern Ireland) frá 2010, er heimilt að sækja um leyfi til kolvetnisleitar, -rannsókna og -vinnslu á svæðum á landi á Norður-Írlandi, í samræmi við málsmeðferðina hér að neðan.

**Fyrsti áfangi – umsóknarfrestur er til 27. ágúst 2010**

3. Allir áhugaaðilar skulu senda inn leyfisumsóknir sínar að því er varðar skilgreint svæði sem er tilgreint á korti eigi síðar en 27. ágúst 2010. Litið skal svo á að allar umsóknir, sem eru sendar inn fram til 27. ágúst 2010, hafi verið móttæknar á sama degi, þ.e. 27. ágúst 2010, og ber að skilgreina þær til samræmis við það.
4. Sérstök tilhögun, sem lýst er í reglugerðum 13 og 14 í reglugerðunum Hydrocarbons Licensing Directive Regulations (Northern Ireland) frá 2010, skal gilda ef hæfar umsóknir berast frá fyrrum leyfishafa og nýjum umsækjanda um svæði sem fyrrum leyfishafa var áður veitt leyfi fyrir í heild eða að hluta. Ef um er að ræða jafngildar umsóknir og ekki er unnt að veita leyfin með samþykki umsækjenda með því að breyta svæðunum sem sótt er um í samræmi við reglugerð 13, skal tilhögunin sem lýst er í reglugerð 14 gilda.

**Síðari veiting leyfa – 30. ágúst 2010 eða síðar**

5. Frá og með 30. ágúst 2010 má hvenær sem er senda ráðuneytinu umsóknir um svæði, sem hæfar umsóknir hafa ekki þegar borist um eða um svæði sem ekki eru bundin leyfi, og verða þær afgreiddar í þeirri röð sem þær berast.

**Svæði og aðgengilegar upplýsingar**

6. Svæði það á landi, sem er aðgengilegt samkvæmt þessari auglýsingu, má sjá á kortum sem eru í vörslu Department of Enterprise, Trade and Investment (Minerals and Petroleum Branch), Colby House, Stranmillis Court, Belfast BT9 5BF, United Kingdom. Þar eru einnig aðgengilegar leiðbeiningar um leyfin, skilmálana sem er að finna í þessum leyfum og um hvernig eigi að sækja um. Kortin og leiðbeiningarnar verða til sýnis eftir samkomulagi (sími +44 2890388462, bréfasími +44 2890388461, netfang: [minerals@detini.gov.uk](mailto:minerals@detini.gov.uk)) milli kl. 9:30 og 16:30 mánudaga til föstudaga og þau eru einnig aðgengileg á vefsetri ráðuneytisins: <http://www.detini.gov.uk>. Kortin verða uppfærð reglulega eftir því sem hæfar umsóknir berast og leyfum er úthlutað.

**Viðmið fyrir umsóknir**

7. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af áframhaldandi nauðsyn þess að stuðla að skilvirkri, ítarlegri, árangursríkri og öruggri starfsemi á sviði olíu- og gasleitar á landi á Norður-Írlandi.
8. Eftirtalin viðmið ráða mati á umsóknum:

- a) fjárhagsstaða umsækjanda og hvort fjárhagsleg geta hans gerir honum kleift að sinna starfsemi samkvæmt leyfinu í fyrsta áfanga, meðal annars samkvæmt starfsáætlun sem sýnir hvernig staðið verður að mati á heildarvinnslumöguleikum á svæðinu sem sótt er um leyfi fyrir,
- b) hvort umsækjandi hefur tæknigetu til að sinna starfsemi samkvæmt leyfinu í fyrsta áfanga, meðal annars að gera grein fyrir hugsanlegum kolvetnisauðlindum á svæðinu sem sótt er um leyfi fyrir,
- c) hvernig umsækjandi hyggst sinna starfsemi samkvæmt leyfinu, meðal annars hversu vönduð starfsáætlun er lögð fram til að sýna hvernig staðið verður að mati á heildarvinnslumöguleikum á svæðinu sem sótt er um leyfi fyrir. Starfsáætlunin skal vera þannig upp byggð að stefnt sé að því að bora eina borholu á svæðinu áður en upphaflega leyfistímabilið, sem er fimm ár, rennur út,
- d) hvort eitthvað hefur skort á skilvirkni eða ábyrgð umsækjanda í framkvæmdum samkvæmt leyfi sem hann hefur, eða hefur haft, og veitt hefur verið samkvæmt lögunum Petroleum (Production) Act (Northern Ireland) frá 1964, þegar um slíkt er að ræða.

#### **Rekstraraðili**

9. Ráðuneytið veitir að jafnaði ekki leyfi nema unnt sé að samþykka á sama tíma tillögu umsækjanda um rekstraraðila. Áður en slíkt samþykki er veitt verður ráðuneytið að fullvissa sig um að fyrirtækið sé fært um að skipuleggja og stjórna borun (sjá leiðbeiningar). Auk viðmiðanna sem getið er í 8. mgr. hér að framan mun ráðuneytið byggja mat sitt á hæfni rekstraraðilans og reynslu hans af því að uppfylla strangar kröfur um öryggi og umhverfisvernd.

#### **Leyfisgjöld og kostnaður**

10. Greiða skal gjald að fjárhæð 1 000 GBP þegar umsóknin er lögð inn. Ráðuneytið ber ekki ábyrgð á útgjöldum sem falla til hjá aðila sem lýsir yfir þeirri ætlan sinni að sækja um leyfi eða hjá umsækjanda vegna undirbúnings eða framlagningar umsóknar.

**Auglýst eftir tillögum – EAC/10/10****2010/EES/36/28****Áætlun um símenntun – Stuðningur við keppni um að efla tungumálanám með stuttum hljóð- og myndverkum****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar nr. 1720/2006/EB<sup>(1)</sup> um að koma á fót áætluninni „Símenntun“ sem var lögtekin í Evrópuþinginu og ráðinu 15. nóvember 2006, breytt með ákvörðun nr. 1357/2008/EB sem var lögtekin í Evrópuþinginu og ráðinu 16. desember 2008.

Markmiðið með auglýsingunni er að veita styrk til að skipuleggja keppni um stutt hljóð- og myndverk á tveggja ára tímabili (eina keppni á árinu 2011 og hina 2012). Með keppninni og stuttu hljóð- og myndverkunum sem verða afrakstur hennar er ætlunin að efla tungumálanám með áherslu á fjölbreytni tungumála og menningar í Evrópu og ávinninginn af henni.

Þátttaka hljóð- og myndverkanna, sem verða fyrir valinu, í hinni rómuðu PRÍX EUROPA-hátíð er hápunkturinn í dreifingu og sýningu á afrakstri verkefnisins.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Stofnunum, sem starfa að framleiðslu hljóð- og myndverka, auglýsingagerð og nýmiðlun, s.s. skólar á sviði hljóð- og myndverkalistar og auglýsingagerðar, er boðið að móta, stjórna og samræma keppnina.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- einu EFTA- og EES-ríkjanna: Íslandi, Liechtenstein eða Noregi,
- ríki sem bíður aðildar: Tyrklandi.

Viðræður standa yfir við Króatíu, fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedóníu og Sviss um framtíðarþátttöku þeirra í áætluninni um símenntun en hún veltur á niðurstöðu þessara viðræðna. Vinsamlega leitið upplýsinga á vefsetri aðalskrifstofu menntamála og menningar um uppfærða skrá yfir þátttökulöndin.

**3. Fjárveiting og lengd verkefna**

Styrkurinn verður að hámarki 500 000 evrur og tekur til keppinnar bæði 2011 og 2012.

Heildarframlag Evrópusambandsins má ekki vera hærra en 75 % styrkhæfs heildarkostnaðar.

Framkvæmdastjórnin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

Starfsemin verður að hefjast milli 1. janúar 2011 og 31. janúar 2011.

Verkefnum skal vera lokið fyrir 31. janúar 2013.

Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 24 mánuði.

**4. Umsóknarfrestur**

Umsóknir verða að berast framkvæmdastjórninni eigi síðar en **30. september 2010**.

<sup>(1)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði símenntunar: [Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 45](#), og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1357/2008/EB frá 16. desember 2008 um breytingu á ákvörðun nr. 1720/2006/EB, [Stjtið. ESB L 350, 30.12.2008, bls. 56](#).

**5. Nánari upplýsingar**

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:

[http://ec.europa.eu/dgs/education\\_culture/calls/grants\\_en.html](http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/calls/grants_en.html)

Fullnægja ber öllum skilyrðum í heildartexta auglýsingarinnar og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.